



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Aðalfundur 11. apríl 2016

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Aðalfundur í Hestamannafélagsins Glað. Haldinn í Leifsbúð 11. apríl 2016. Á fundinn mættu 24 félagsmenn.

1. Þórður Ingólfsson formaður félagsins setti fundinn og lagði til að Bryndís Karlsdóttir yrði fundarstjóri og Gyða Lúðvíksdóttir ritari fundarins. Það var samþykkt.
2. Þórður bauð Svönu Hrönn Jóhannsdóttur íþróttu og tómstundarfulltrúa og framkvæmdastjóra UDN að sitja fundinn. Svana Hrönn kynnti sig og sitt verksvið. Hún þakkaði fyrir gott boð á fundinn.
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi á liðnu ári, haldnir voru 4 stjórnarfundir á árinu. Formaður sótti einnig formannafundi félaganna á Vesturlandi.
Formenn nefnda fóru yfir störf sín á árinu.
Fræðslunefnd: Svaborg kynnti nefndina, hafa staðið fyrir reiðnámskeiðum, Sjöfn Sæmundsdóttir var og er með námskeið í Búðardal og Styrmir skipulagði reiðnámskeið á Reykhólum s.l. sumar, þar kenndi Guðmundur Skúlason, mikil þáttaka þar.
Kynbótanefnd: Valberg sagði að lítið starf væri í gangi hjá nefndinni, en væri tenging Glaðs inn í HrossVest.
Mótanefnd: Svana kynnti nefndina. Góð þáttaka hefur verið í mótunum hjá Glað og reynt að fá fleiri inn í keppni með því að keppa í þriggangi t.d. Þakkaði starfsfólki móta fyrir vel unnin störf.
Reiðveganeftnd: Eypór, ekki mikið framkvæmt á árinu, greidd var skuld frá fyrra ári, félögin hafa verið að lána sín á milli úthlutuðum styrkjum til að geta klárað á svæðinu þá styrki sem eru í boði ár hvert. Glaður lánaði Skugga í fyrra og fær endurgreitt núna 2016 sem svo verður framkvæmt fyrir á árinu. Nú munu félögin á Vesturlandi fá jafnskipt úr reiðvegasjóði.
Skemmtineftnd: Gyða kynnti nefndina. Skipulögð var skemmtiferð á Snæfellsnes í fyrra en vegna dræmrar þátttöku hætt við. Skemmtikvöld var haldið í janúar s.l. og mjög góð mæting á það.
Skemmtineftnd hefur staðið fyrir að sýnt hefur verið í Dalakoti frá Meistaradeildinni í vetur. Einnig reynt að hafa brekkustemmingu með söng og trúbador á félagsmótinu í sumar en ekki mæting í það.
Tölvu og tæknineftnd: Svala, nefndin sér um tölvu og tæknimál á mótum og mótaskrá, heimasíðu Glaðs og fésbókarsíðu félagsins.
Formaður greindi frá félagatali, félagar nú 153. Enginn gekk úr félaginu en 19 manns gengu í félagið, þeir lesnir upp.
4. Gjaldkeri félagsins Svala Svavarsdóttir lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá. Á rekstrarreikningi eru gjöld samtals 2.046.581 og tekjur samtals 2.569.377 fyrir afskriftir sem eru 403.022, rekstrarniðurstaða er því 110.774. Á efnahagsreikningi 31.12.2015 eru eignir samtals 8.608.969, skuldir og eigið fé 8.608.969.
5. Umræða um skýrslu stjórnar, nefnda og reikninga félagsins. Valberg spurði Eypór út í úthlutun reiðvegafjár, hvernig skiptist og umsóknir. Eypór fór yfir ferlið og hvernig deilt á félögin. Félögin hafa verið að lána sín á milli. Ef verk eru ekki klárað fyrir áramót þá fellur styrkurinn niður. Spurt um hvaða verk væru framundan. Sem eru t.d. lagfæring reiðvegar meðfram Haukadalsvatni,

lagfæringar vegar frá Búðardal að Ljá, ræsi ofl. Klára veginn fyrir ofan Saura og Ás. Leiðin yfir Sælingsdalsheiði. Ótal verkefni sem þyrfti að skoða.

6. Reikningar félagsins samþykktir.
7. Kosningar skv. 6. grein. Úr stjórn eiga að ganga ritari og gjaldkeri. Svala Svavarsdóttir baðst undan endurkjöri en enginn gaf kost á sér í embættið og Svala fellst á að vera í eitt ár til viðbótar, þannig að finna þarf gjaldkera fyrir næsta aðalfund, kjörtímabilið er 3 ár. Samþykkt að fá bókara til að sjá um bókhaldið, gjaldkeri greiði reikninga og rukki inn. Varagjaldkeri kosin Gyða Lúðvíksdóttir. Gyða Lúðvíksdóttir ritari gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Vilberg Þráinsson kosinn ritari og Margrét Guðbjartsdóttir vararitari. Skoðunarmenn reikninga eru Valberg Sigfússon og Bryndis Karlsdóttir, komið að kosningu á öðrum skoðunarmanninum, þá Bryndisi, gaf hún kost á sér áfram í embættið og kjörin áfram.
8. Kosningar nefnda skv. tillögu stjórnar eða aðalfundar. Fræðslu og æskulýðsnefnd: Svanborg Einarisdóttir formaður, Fjóla Mikælsdóttir, Edda Unnsteinsdóttir og Styrmir Sæmundsson. Kynbótanefnd: Valberg Sigfússon formaður, Guðbjörn Guðmundsson og Styrmir Sæmundsson. Mótanefnd: Gísli Halldórsson formaður, Skjöldur Orri Skjaldarson, Guðbjörn Guðmundsson, Inga Heiða Halldórsdóttir og Þórarinn Birgir Þórarinsson. Reiðveganefnd: Þórður Ingólfsson formaður, Ólafur Guðjónsson og Valberg Sigfússon. Skemmtinefnd: Gyða Lúðvíksdóttir formaður, Inga Heiða Halldórsdóttir, Arnar Þór Ólafsson og Stefán Dal Björnsson. Tölvu og tækninefnd: Svala Svavarsdóttir formaður, Björn Anton Einarsson, Þórður Ingólfsson, Sigurður Bjarni Gilbertsson og Eyþór Gíslason. Fulltrúar á LH þing: formaður er alltaf fulltrúi, auk hans kjörnar Svala Svavarsdóttir og Heiðrún Sandra Grettisdóttir. Til vara Svanhvít Gísladóttir. Fulltrúar á UDN þing: vísað til stjórnar, en æskilegt að einhver úr fræðslu og æskulýðsnefnd fari. Fulltrúar á aðalfund Nesodda ehf.: Þórður Ingólfsson og Skjöldur Orri Skjaldarson.
9. Ákvörðun árgjalds. Stjórn leggur til að árgjald hækki í kr. 6.000 fyrir fullorðna og kr. 2.500 fyrir 13-16 ára. 12 ára og yngri áfram frítt. Umræður um hvort hækka eigi árgjaldið en það hefur verið óbreytt frá 2009. Samþykkt að árgjald verði: kr.6.000 fyrir fullorðna, kr. 2.500 fyrir 13-16 ára, 12 ára og yngri frítt.
10. Önnur mál:

Fyrst tekin til umræðu tillaga frá stjórn v Nesodda ehf. v reiðhallar. Tillaga stjórnar hljóðar þannig: „Aðalfundur hestamannafélagsins Glaðs haldinn í Leifsbúð í Búðardal þann 11. apríl 2016, samþykkir að heimila stjórn félagsins að leggja fram allt að kr. 1.500.000 til þess að lækka skuldir Nesodda ehf. svo fremi að einnig takist að fá aðra aðila til að leggja fram fé og að hagstætt samkomulag náist við lánveitanda. Framlag Glaðs verði í formi vaxtalauss láns með óákveðnum gjalddaga." Þórður bar fram tillöguna og fór yfir erfiðan rekstur Nesodda varðandi reiðhöllina í Búðardal. Svala fór yfir að áhvílandi er lán uppá 8,6 milj. með 2 gjalddögum ár hvert um 600.000 á hvorum gjalddaga. Fengist hafa styrkir í formi m.a auglýsingaspjalda í reiðhöll, haldin böll, lykllauga að höllinni, leiga til annarra félaga ofl. Það þyrfti að búa til tekjur uppá 1,2-1,3 milj á ári. Lengt var í láninu árið 2015 þannig að nú er greiðslubyrgðin um 300.000 á hvorn gjalddaga. Náðst hefur u.þ.b. 1 milj. á ári en líka þarf að standa undir rekstri eins og fasteignagjöldum, rafmagni. Gott væri að geta greitt lánið niður. Valberg hefur setið í stjórn Nesodda frá upphafi, hann rakti söguna. Þegar húsið var byggt þá var gert ráð fyrir 20 milj. í styrki, 2008 varð svo hrúnið og ekki gekk eins vel og farið var af stað með. Hluthafar í Nesodda ehf. eru Hestamannafélagið Glaður með u.þ.b. 61%, Hrossaræktarsamband Dalamanna með u.þ.b. 20% og litlir hluthafar 20%, þessir litlu hluthafar eru þeir félagar sem komu að byggingunni með

vinnuframlagi sem var metið kr. 3.000 á tímann. 20 ára vsk. kvöð er á félaginu og eru þá eftir 12 ár af því, árið 2028 er hægt að leggja niður félagið, ef lagt væri niður núna þá þarf að endurgreiða vsk. til ríkisins fyrir árin frá stofnun. Umræður spunnust um málið, og t.d. að athuga hvernig önnur félög á landinu stæðu að sínum rekstri. Þurfum að skoða heildarsamhengið flest erum við félagar í þeim félögum sem standa að Nesodda ehf. Betra að Glaður láni pening inn í Nesodda ehf. heldur en að greiða húsaleigu sem er virðisaukaskyld. Athuga hvort Hrossaræktarsamband Dalamanna væri tilbúið til að leggja til pening líka og hugsanlega Hesteigendafélagið, leggja fram við sveitarfélagið hvort gæti styrkt líka. Sá peningur sem til yrði lagður er hugsaður til lækkunar á láninu og síðan ganga til samninga við lánveitanda þ.e Arion banka hf. um framhaldið. Gísli velti fyrir sér hvort þyrfti ekki að athuga hvort allir hluthafar stórir sem smáir væru til í að hækka hlutfé sitt. Hann taldi ekki að lánastofnun myndi afskrifa neitt eða veita afslátt af láninu. Eypór velti fyrir sér að ef gjörningar væru í formi styrkja þá þyrfti ekki að greiða vsk. Styrkirnir færu í að greiða inná höfuðstól lánsins. Búið er að fara á 3 fundi við lánveitanda og fengið lengt í láninu og vextir lækkaðir. Svala taldi að ef komið yrði með pening og sveitarfélagið tæki þátt þá yrðu meiri möguleikar á góðum samningum. Óbreytt ástand myndi sliga félagið þ.e Nesodda ehf. Þórður, útskýrði að tillagan snerist um að heimila stjórn Glaðs að lána Nesodda ehf. Í hvaða formi sem það væri þ.e lán, styrkur eða hlutfé. Margrét benti á að á sínum tíma þegar litlu hluthafarnir eignuðust sína hluti að þá var það í formi vinnuframlags sem var metið á 3.000 tímunn. Þegar þeim var boðinn hlutur þá var þá á þeirri forsendu að þeir þyrftu ekki að hækka hlutfé sitt. Ef aukið verður við hlutfé þá myndi hlutur minnstu hluthafanna rýrna. Svanborg, ef öllum hluthöfum yrði boðið að hækka þá meira fé. Enginn hafi í upphafi reiknað með að græða á hlutfénu. Lagði til að leitað yrði til fagaðila varðandi ráðgjöf um framkvæmd málsins. Spurning um að hafa báða möguleika opna þ.e styrkir eða aukið hlutfé. Félagið yrði að kynna sér allar reglur. Eypór rakti hvernig hlutfé kom til þ.e með vinnuframlagi við bygginguna. Einnig talaði um að ef farið yrði úti hlutfjárukningu þá starfa innan ramma um hlutafelög. Og hluthafar eru þeir sem komu að byggingunni. Gísli sagðist styðja tillögu stjórnar í formi styrkja og að ath. hvort sveitarfélagið væri til í sömu upphæð á móti til styrktar. Heiðrún Sandra, sagðist hrædd við orðið styrkur, hvað myndi gerast þegar lánið yrði greitt upp, á þá að greiða litlu hluthöfunum út? Sigurður Bjarni, taldi að sama yrði yfir alla að ganga hvaða leið sem yrði farin, en taldi styrki hentugasta formið. Svala, taldi draumastöðu ef sveitarfélagið ræki húsið. Þórarinn, velti upp hvort B hlutabréf væri kostur, en þeim fylgir ekki atkvæðisréttur. En taldi formið styrkir væri hentugast. Glaður er með meirihluta í félaginu og stjórnar í raun, það skiptir máli hvort verið er að greiða árlega af láninu 200-300.000 frekar en 750.000. Margt þarf að gera í höllinni eins og að koma upp klósettaðstöðu. Þórður bar upp tillögunu breytta og hljóðar hún þannig: „Aðalfundur Hestamannafelagsins Glaðs, haldinn í Leifsbúð í Búðardal þann 11. apríl 2016. samþykkir að heimila stjórn félagsins að leggja fram allt að kr. 1.500.000 til þess að lækka skuldir Nesodda ehf. svo fremi að einnig takist að fá aðra aðila til að leggja fram fé og að hagstætt samkomulag náist við lánveitanda." Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Svala beindi fyrirspurn til Svönu Hrannar varðandi UDN sem Glaður er aðili að, um hvort og á hvaða hátt félagið geti notað starfsmann UDN t.d til að ljósrita dreifibréf ofl. Svana taldi svo vera og ætlar að athuga hvort eitthvað fleira er sem félagið gæti notfært sér. Glaður útbúi tillögu til UDN um hvað hefðum hug á að nýta í félagsstarfinu. Stefán Dal benti á að fengum Dalabúð án kostnaðar fyrir skemmtikvöldið í janúar þar sem Glaður er í UDN.

Margrét kom með fyrirspurn um hvort hægt væri að hafa inna heimasíðu Glaðs hvaða höfuð og beislabúnaður væri löglegur í keppnum hvert sinn, oft verða breytingar milli móta, Þórður taldi að ekki ætti að setja inná heimasíðuna en hinsvegar væri linkur þar inná LH síðuna þar sem allar þessar reglur eru. Allar reglur varðandi beislabúnað er samþykktur af LH þingi.

Grundvallarsamþykki frá LH um að Feif reglur gilda og farið er eftir þeim en svo samþykkt á LH þingum. Þórði fannst upplagt að upplýsa eftir LH þing inna heimasíðunni hvað samþykkt hefði verið, taldi varasamt að birta á vef Glaðs hvað mætti og hvað ekki, gæti komið í hausinn á okkur ef gleymist að uppfæra, þá hver er ábyrgur ef rangar upplýsingar eru þar.

Skemmtinefnd færði í tal að fyrirhugað væri Pubquizz í Dalakoti 28. apríl og jafnvel dagsferðalag

4. júní, áhugi var nokkur fyrir hvorutveggja og nefndin heldur áfram að skipuleggja viðburðina. Þórður vakti athygli á sýningu í reiðhöllinni 15. apríl kl. 18:00 þar sem krakkar sem verið hafa á reiðnámskeiði hjá Sjöfn í vetur sýna. Einnig minnti hann á vetrarleikana 16. apríl og skráningu á þá.

Stjórnin þakkaði Svönu vel unnin störf sem formaður mótanefndar. Og Svana þakkaði mótanefnd, stjórn og öllum starfsmönnum móta fyrir samvinnuna.

Gyða fráfarandi ritari þakkaði stjórninni gott samstarf og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

Þórður sleit fundinum kl. 23.30

Gyða Lúðvíksdóttir, ritari